

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Djúpavogi



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	6.9.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Eftirlitsmaður</b>	Gottskálk Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Hólmahlóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Lokunareftirlit
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	725275,57 470435,905

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekki var gerð athugasemd við aðgerðir Olíudreifingar ehf. við niðurrif olíubirgðastöðvarinnar á Djúpavogi. Frágangur lóðar stendur yfir. Tvær ábendingar voru gerðar.

## UMFANG EFTIRLITS

Olíubirgðastöðin á Djúpavogi var tæmd og tekin úr notkun í september 2017. Geymir T055 (nr. 2 í stöðinni) var þann 17. september sl. klipptur niður og fjarlægður. Þar með voru allir geymar í stöðinni farnir. Verktaki með gröfu kom svo síðastliðið haust og gróf upp úr tankastæðum en oft er malbik eða svartolía notuð í tankstæðinu til að verja botn geyma neðan frá. Jarðvegi hefur verið velt upp í garða og þar í blandað áburði til þess að flýta fyrir niðurbroti þeirrar olíu sem finnst í jarðveginum.

Olíulagnir innan mengunarvarnarþróar hafa líka verið fjarlægðar, en neðanjarðarlögn (löndunar-/afgreiðslulögn) á bryggju er enn til staðar. Blinda skal lögnina.

Sameiginleg aðstaða stöðvarinnar með N1 fyrir dælur o.þ.h. verður látin óhreyfð og nýtist áfram sem lager- og skrifstofuhúsnæði N1 á staðnum.

Skoðuð var rekstrarhandbók fyrir stöðina og voru skráningar í góðu lagi.

Gengið var um stöðina og myndir teknar. Girðing og hlið um stöðina er enn til staðar og verður ekki fjarlæggt fyrr en Olíudreifing ehf. hefur lokið frágangi lóðarinnar. Farið er fram á að rekstraraðili geri lokaskýrslu til stofnunarinnar að verki loknu, sem fjalli um árangur af aðgerðum og viðskilnað við svæðið.

## ATHUGASEMDIR

Blinda skal afgreiðslu- /löndunarlögn sem er neðanjarðar niður á bryggju.

Rekstraraðili skal gera lokaskýrslu að frágangi lóðarinnar loknum. Skýrsluna skal senda Umhverfisstofnun og skal hún fjalla um árangur af aðgerðum og viðskilnað við svæðið.

- 1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 27.09.2018

Gottskálk Friðgeirsson